

**106** unni heimilt að leyfa sölu á þegar innfluttum viðtækjum gegn ákveðinni  
31. okt. greiðslu af verði hvers tækis eða tækishluta til Viðtækjaverzlunar ríkisins eftir þar um gerðum samningi.

**9. gr.**

Ágreining, sem kann að rísa út af reglugerð þessari, úrskurðar atvinnumálaráðherra. Þetta skerðir þó ekki rétt einstaklinga til að leita úrskurðar dómstólanna.

**10. gr.**

Brot gegn ákvæðum 1. greinar þessarar reglugerðar varða sektum frá 200 til 20.000 kr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. október 1930.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

*Vigfús Einarsson.*

**107**  
1. nóv.

**Bréf fjármálaráðuneytisins til allra skattanefnda, um framtal til tekju- og eignarskatts.**

Við athugun á framtölum til tekju- og eignarskatts úr nokkrum kaupstöðum og hreppum, hefir það komið í ljós, að eigi hefir gildandi lögum um tekju- og eignarskatt verið beitt sem skyldi, og að nokkurs ósamræmis gætir um framkvæmd þeirra. Er þetta mjög óheppilegt, þar sem borgarar ríkisins eiga rétt á að eitt sé látið yfir alla ganga í þessum efnunum. Finnur ráðuneytið því ástæðu til að senda skattanefndum eftirfarandi athugasemdir og leiðbeiningar.

1. Í 33. gr. laga nr. 74, frá 1921, eru ákvæði um, að afla beri upplýsinga ef framtalsskýrslur þyki tortryggilegar eða áætla tekjur þeirra og eignir, sem svo er ástatt um, ef ekki fást fullnægjandi upplýsingar. Telji menn ekki fram, ber nefndum að áætla tekjur þeirra og eign „svo ríflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að vera í raun rétt“.

Er afar áriðandi, að menn græði ekki á því að halda upplýsingum fyrir nefndum, og hinsvegar hægt að gera mönnum fyllilega rétt til með því að lækka skattinn eftir á samkvæmt kærnu, ef henni fylgja nægar upplýsingar um, að skatturinn hafi verið of hátt settur (sbr. þó 44. gr.

skattalaga). Ákvæði 33. gr. um, að ef menn ekki telja fram skuli skattmat (þ. e. áætlun um skattskyldar tekjur og eignir) vera að minnsta kosti 10% hærra en skattmat næsta árs á undan, ber vitanlega að skoða sem lágmarksákvæði um matið, eins og einnig er sagt berum orðum í greininni. Væri einnig ómögulegt að hafa slík föst ákvæði um þetta efni, þar sem tekjur margra hér á landi eru mjög misjafnar frá ári til árs, og mundu menn þá sjá sér leik á borði með að telja ekki fram í góðum árum. Mun heldur ekki fritt við, að það hafi verið gert, þar sem skattayfirvöld hafa bundið sig um of við lágmarksákvæði 33. gr.

107  
1. nóv.

2. Ríkt ber skattanefndum að ganga eftir því, að nægileg gögn og upplýsingar fylgi framtalsskýrslum, svo sem efnahags- og rekstursreikningar frá þeim, sem bókhaldsskyldir eru (sbr. 33. gr. skattareglugerðar), og finnist nefndum eitthvað ábótavant í reikningum þessum eða ef um margbrotna reikningsfærslu er að ræða, er rétt að nefndir fái að athuga bókhald gjaldþegns eða þeir menn, sem þær kunna að setja fyrir sig til þess (sbr. 31. gr. skattalaga).
3. Nefndum ber að notfæra sér ákvæði 32. gr. skattalaganna um upplýsingarskyldu, til þess að fá upplýsingar um laun manna, hlutabréfa- og skuldabréfaeignir, bankaeignir o. s. frv.

Ennfremur ber nefndum, a. m. k. með nokkurra ára millibili, að fá upplýsingar um hverjum menn skulda skuldir þær, er fram eru taldar, til þess að af því fáiast upplýsingar um skuldareigendur.

4. Verði nefndir við öflun upplýsinga, varar við, að menn úr öðrum hreppum eða kaupstöðum eigi verulegar eignir eða hafi haft tekjur svo um muni í þeirra umdæmi, ber þeim að tilkynna það hlutaðeigandi skattayfirvöldum, þar sem slíkt getur orðið nefndum til léttis í starfinu og gefið öryggi fyrir réttlátum skattaálögum.

Skattanefndir skulu endurskoða með nákvæmni framtöl manna og styðjast við upplýsingar þær, sem þær geta aflað sér samkvæmt framánrituðu og öðrum þeim úrræðum, sem skattalög og reglugerð gera ráð fyrir. Ennfremur skal bent á að bera ætíð saman efnahag manns frá ári til árs og athuga hvort breytingar á nettóeignum manna svara til tekjuframtals þeirra, með tilliti til sennilegrar eyðslu. Ef ósamræmi er í þessu, verða nefndirnar að fá á því fullnægjandi skýringar eða áætla mönnum tekjur eða eignir að öðrum kosti (sbr. framanritað og 33. gr. skattalaga).

5. Skattanefndir gangi strangt eftir að skýrslur séu gefnar um fjármuni dánarbúa sbr. 45. gr. skattalaga. Ennfremur er þeim rétt að fá upplýsingar um fjármuni ómyndugra úr yfirfjárráðaskýrslum umdæmanna hjá sýslumönnum og bæjarfógetum.
6. Gæta skulu nefndir þess, að útlendingar sleppi ekki við að greiða skatt af skattskyldum eignum sínum og tekjum hér á landi. Er töluverð hættu á að svo verði, þar sem skattþegnar þessir koma ekki fram í manntölum og munu trassa oft að telja fram, en þó nokkur brögð munu að eignum

107  
1. n.óv.

- og tekjum þeirra hér á landi, einkum í hlutafélögum (sbr. 2. og 33. gr. skattareglugerðar).
7. Skattanefndum ber að áætla leigu manna í eigin húsum svo sem húsaleiga er á hverjum stað, en eigi svo lágt að húseigendur fái frádrátt á öðrum tekjum sínum vegna taps á rekstri húsa, er þeir nota að einhverju eða öllu leyti sjálfir. Ganga skal ríkt eftir, að ef einhver telur til frádráttar leigu til atvinnureksturs í eigin húsi, þá færi hann leigu þessa einnig til tekna.
  8. Stranglega skal þess gætt, að fylgja ákvæðum 11. gr. III. 2 a og b skattareglugerðar um skattskyldan ágóða af eignasölu.
  9. Gæta skal vandlega, að afborganir skulda séu eigi taldar til frádráttar með vöxtum eða undir öðrum liðum, að húsaleiga og mannahald, sem talið er til frádráttar sé raunverulegur kostnaður við atvinnurekstur en ekki við heimilishald gjaldþegns. Einkum skal veita þessu athygli hjá þeim, sem láta fólk sitt ýmist vinna að framleiðslu og atvinnurekstri og við heimilisstörf. Verður þá að meta hve mikið af kostnaðinum við mannahaldið er við rekstur atvinnunnar (öflun teknanna) og hve mikið við önnur störf.
  10. Athuga skulu skattanefndir fyrir máli 14. gr. skattareglugerðar um frádrátt iðgjalda af ólögboðinni persónutryggingu.
  11. Gæta ber þess, að jarðabætur séu taldar til tekna, þar eð kostnaður við þær er talinn til útgjalda í mannakaupi o. fl. og enn fremur að vörur teknar frá rekstri bóa (mjólk, kjöt o.s.frv.), verzlana eða iðnaðar, til heimilisnota, séu einnig taldar til tekna. Einnig ber að telja jarðabótastyrk tekjur. Sé landsskuld af eigin býli talin til tekna sé sama upphæð talin einnig til frádráttar. Þó sé bændum sem öðrum talin til tekna áætluð leiga eftir það húsnæði, sem þeir nota til íbúðar sér og fjölskyldu sinni og þá vitanlega án samsvarandi frádráttar, en með landsskuld af eigin býlum er auðvitað sama máli að gegna og metna *leigu til atvinnureksturs* í eigin húsi.

Vel sé þess gætt, að rétt sé talið fram verð þeirra afurða, sem búin gefa af sér, og enn fremur að fram sé talið hið raunverulega mjólkurmagn búanna, en ekki bundið við það, sem nefnt er í 19. gr. skattareglugerðar, enda eru þau ummæli aðeins sett til leiðbeiningar.

12. Ekki er skattþegnum leyfilegt að draga frá tekjum sínum námskostnað barna sinna eða annara, er þeir kunna að kosta til náms.
13. Þess skal gætt að meta skattþegnum til tekna vinnu þá, er þeir kunna sjálfir að leggja fram til þess að afla sér nýrra eigna t. d. við smíði bygginga, báta o. s. frv. Séu hlutir þessir seldir þegar í stað þarf ekki að meta vinnu þessa, þar sem hún kemur til tekna í því, að gróðinn af sölonni verður hærri en orðið hefði ef öll vinna við hlutinn væri aðkeypt.
14. Gæta skulu skattanefndir þess, að eigi sé fyrning talin of há. Athuga skal reglugerðarleiðbeiningarnar um þetta efni. Sérstaklega skulu nefnd-

irnar fylgjast með ár frá ári, hve mikið menn hafa reiknað sem fyrningu á eignum sínum (svo sem skipum, bátum, vélum, áhöldum o. s. frv.) samtals og gæta þess vandlega, að niðurfærsla vegna fyrningar svári til þess, að hlutirnir rýrast í verði vegna notkunar, og að aldrei sé hlutur afskrifaður (fyrntur) að fullu nema hann sé með öllu ónýtur. **107**  
1. nóv.

Fyrning sé miðuð við kostnaðarverð sé ekki öðruvísi fyrir mælt í skattareglugerð.

15. Gæta skal þess að ekki sé talinn til frádráttar kostnaður við framfærslu heimilis. Er einkum að gæta þess hjá þeim, sem hafa atvinnurekstur og kostnað vegna hans til frádráttar.

Ennfremur skal þess gætt, að meðal kostnaðar við atvinnurekstur séu ekki talin laun atvinnurekandans sjálfs eða konu hans, nema tilsvandi upphæð sé færð til tekna á framtalinu.

Sama gildir um vexti af eigin fé, sem kann að vera bundið í atvinnurekstrinum.

16. Um fyrirtæki, sem safna eigin sjóðum, skal sérstaklega athugað, að þau ekki færi til frádráttar vexti af sjóðum þessum, og ennfremur að hlutafélög dragi ekki frá tekjum sínum það, sem þau útbluta af arði til hluthafa eða stjórnenda (Tantième).

Vandlega sé þess gætt, ef hlutafélög safna varasjóðum, og fá þar af leiðandi skattfrelsi af  $\frac{1}{3}$  hluta varasjóðstillagsins, og sjóðurinn síðar notaður til úthlutunar til hluthafa eða annars, sem ekki samsvarar tilgangi hans, að þá reiknist til skattskyldra tekna félagsins  $\frac{1}{2}$  þess, sem úr sjóðnum var tekið í því skyni (sbr. lög nr. 7 frá 16. maí 1925).

Ennfremur að þær upphæðir, sem félögin kveðast ætla að leggja í varasjóð, séu raunverulega færðar þangað.